

## GJALDSKRÁ fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

1. gr.  
*Sorpeyðingargjald.*

Sorpeyðingargjald er eftirfarandi:

Einbýlishús/ibúð	kr. 32.220
Sumarhús	kr. 16.120
Lögbýli	kr. 32.220
Atvinnuhúsnæði	kr. 32.220

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem eru birtar í fasteignamati sem óskiptar eignir, lögbýli og atvinnuhúsnæði sem birt eru í fasteignamati.

Sorpeyðingargjald er ætlað til að standa undir kostnaði við sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

Sorpeyðingargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld skv. gjaldskránni miðast við visitölu neysluverðs í desember 2018 (463,9 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 102/2018.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 19. febrúar 2019.

*Reykhólahreppi, 19. febrúar 2019.*

**Tryggvi Harðarson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2019